



**HAFNARFJÖRÐUR**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins  
Óskar Reykdalsson, forstjóri  
Álfabakka 16  
109 Reykjavík

Hafnarfirði, 11. febrúar 2022  
2202397 SN

**Efni: Heilsugæsla í Hafnarfirði - þarfagreining**

Mikil uppbygging á sér stað í nýjum hverfum og þéttingarreitum í Hafnarfirði um þessar mundir sem halda mun áfram á komandi árum. Því er fyrir séð hröð fjölgun íbúa og er áætlað að Hafnfirðingum muni fjölga um allt að fjórðung á næstu fimm árum.

Mikilvægt er að brugðist verði við væntanlegri íbúafjölgun tímanlega svo tryggt verði að allir Hafnfirðingar hafi greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Tvær heilsugæslustöðvar eru nú í Hafnarfirði og munu þær að óbreyttu ekki anna þeirri íbúafjölgun sem er fyrir séð. Af þeim sökum hafa bæjaryfirvöld m.a. gert ráð fyrir möguleikum á heilsugæsluþjónustu í nýju hverfi sem nú er að rísa í Hamranesi auk þess sem áhugi er á stækkun heilsugæslustöðvar í Firði.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fara þess á leit við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að gerð verði þarfagreining á núverandi og væntanlegri þörf á heilsugæslu í bænum. Á grundvelli þarfagreiningar verði svo hafist handa við frekari eflingu heilsugæslu í bænum með það í huga að íbúar Hafnarfjarðar eigi ávallt greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

Virðingarfyllt,

Rósa Guðbjartsdóttir  
bæjarstjóri